



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2005
Tilvísun: 2005110008
Bréfalykill: 50.13
Verknúmer: 1241000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika

Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. nóvember 2005, varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sem lögð var fram á 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 5 – 5. mál. Flutningsmenn: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson og Ögmundur Jónasson.

Þingsályktunin nefnir 6 aðgerðir sem fela ætti ríkisstjórninni að grípa til. Orkustofnun telur eingöngu fyrstu aðgerðina koma við verksviði sínu. Hún hljóðar svo:

1. Gefa út formlega yfirlýsingu um að hvorki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2012. Áhersla verði þess í stað lögð á fjölbreytta smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð fyrir hagkerfið og aðstæður viðkomandi byggðarlaga.

Orkustofnun tekur ekki afstöðu til þessarar tillögu en vill nota tækifærið til að fræða efnahags- og viðskiptanefnd um þær rannsóknir og aðgerðir í orkumálum sem hún vinnur að og stuðla að efnahagslegum stöðugleika.


1. Orkustofnun hefur lagt áherslu á leit að jarðhita til húshitunar í stað olíu. Þar hefur náðst slíkur árangur að þjóðin sparar sér rúma 20 miljarða króna á ári í kaupum á eldsneyti. Enn eru þó um 13% þjóðarinnar sem ekki njóta jarðhita til húshitunar. Jarðhitaleit er haldið áfram og mundi þar mestu muna ef jarðhiti fyndist fyrir kaupstaðina Ísafjörð og Vestmannaeyjar.
2. Orkustofnun hefur fylgt eftir ályktun Alþingis um rannsókn á sjóðandi lágþita og möguleikum á nýtingu hans til iðnaðar í byggðum landsins.
3. Orkustofnun hefur unnið að forathugunum á helstu virkjunarkostum í vatnsafli og jarðhita sem nýta mætti til raforkuvinnslu. Hún stóð að baki 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafli og jarðvarma þar sem bornir voru saman 43 virkjunarkostir með tilliti til hagkvæmni og umhverfisáhrifa. Þar var fjallað um flesta virkjunarkosti í jökulám á hálendi og á háhitasvæðum nærri byggð. Þessir kostir eru ríflegir fyrir þau virkjunaráform sem við er að búast næsta áratuginn. Þeir kostir sem eftir er að meta í

seinni áföngum eru yfirleitt smærri og minna rannsakaðir. Því er ólíklegt að sóst verði eftir mörgum þeirra fyrr en á þennan fyrsta hóp er gengið. Kostnaður ríkisins við þetta verk var að mestu greiddur með endurgreiðslum orkufyrirtækja á fyrri kostnaði ríkisins við orkurannsóknir þar sem orkufyrirtækin höfðu fengið virkjunarleyfi. Stærstur hluti hans fór til rannsókna á náttúrufari á þeim svæðum sem um var fjallað.

4. Orkustofnun hefur nú hafið undirbúning að 2. áfanga rammaáætlunar sem áformað er að ljúki snemma árs 2009. Þá verða teknar til mats þær virkjunarhugmyndir sem ríki og orkufyrirtæki hafa undirbúið og breyttar hugmyndir um virkjun þeirra kosta sem áður var um fjallað. Af hálfu ríkisins verður áhersla lögð á könnun náttúrufars háhitasvæða og endurbætur aðferða við mat á landslagi. Jafnframt verður lokið við gerð almenns afrensliskorts sem gagnast gæti þeim aðilum sem áhuga hefðu á smávirksjunum til raforkuframleiðslu. Kostnaður ríkisins við þessar orkurannsóknir verður borinn af endurgreiðslum Landsvirkjunar af fyrri rannsóknarkostnaði vegna virkjunarrannsókna norðan Vatnajökuls.
5. Orkustofnun vinnur að ýmsum verkefnum varðandi orkuhagkvæmni. Hún hefur stutt áform um smávirksjanir í byggðum landsins og kannað hagkvæmni í notkun varmadælna þar sem jarðhiti er ekki nægilega heitur til beinnar nýtingar. Unnin hafa verið verkefni sem snúa að möguleikum til bættrar einangrunar og þéttinga bygginga á köldum svæðum sem stuðlað geta að sparnaði í raforkuotkun húseigenda jafnvel um tugi prósent. Þá styrkir Orkustofnun orkusparnaðarverkefni í fiskeldi þar sem kannaðir eru möguleikar á betri nýtingu vatns og varma og þar með hagkvæmari rekstri. Að lokum má nefna að sett hefur verið á fót svonefnt Orkusetur með aðsetur á Akureyri sem mun hafa umsjón með verkefnum á sviði orkuhagkvæmni og nýtingu vistvænni orkugjafa.

Af þessum dæmum er ljóst að orkurannsóknir á vegum Orkustofnunar eru jafnt í þágu fjölbreyttrar orkunotkunar í byggðum landsins sem stóriðju. Hvort tveggja fer vel saman og rétt er að hafa í huga að það eru endurgreiðslur vegna leyfa til virkjana til stóriðju sem hafa gert alhliða rannsóknir á orkulindum og náttúrufari virkjunarsvæða mögulegar á undanförunum árum.

Virðingarfyllst


f.h. orkumálastjóra
Sveinbjörn Björnsson